

✉ Re: Ósk um umsagnir að nýju, Árbúðir og geldingafell, deiliskipulag 1903012 -

Búið til	14.5.2021 13:25:56
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	14.5.2021 13:25:54
Tilheyrir	 202104-0015 - Ósk um umsagnir að nýju, Árbúðir og geldingafell, deiliskipulag 1903012

Efni

Re: Ósk um umsagnir að nýju, Árbúðir og geldingafell, deiliskipulag 1903012 -

Upplýsingar

Sent	14.5.2021 13:25:54	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Pátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	stella@utu.is

Innihald

Góðan daginn,

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202104-0015 (LA).

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs., dags. 8. apríl 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tvær deiliskipulagstillögur fyrir fjallaskála við Árbúðir og Geldingafell í Bláskógabyggð. Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreindar deiliskipulagstillögur og skilar hér einni umsögn um bæði málin.

Í júní 2019 skilaði Náttúrufræðistofnun inn umsögn til Bláskógabyggðar vegna deiliskipulags fyrir sex skála á hálendinu þar sem fimm skálar eru við Kjalveg og sá sjötti við Botnsúlur. Aðeins tveir skálar voru innan gildandi deiliskipulags. Náttúrufræðistofnun benti á að ekki er tekið á því hver sé heildarstefna og afstaða til einstakra skála til framtíðar. Þá kom ekki fram í greinargerðinni hverjir bera ábyrgð á rekstri viðkomandi skála eða hvaða leyfisveitingar liggja fyrir þar sem um er að ræða þjóðlendur.

(https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/beidni_um_umsogn._geldingafell_fjallaskali_framafrettur_deiliskipulag_-_1903014.pdf

(https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/beidni_um_umsogn._geldingafell_fjallaskali_framafrettur_deiliskipulag_-_1903014.pdf).

Í báðum greinargerðum fyrir Geldingafell og Árbúðir (bls. 5) eru sett eftirfarandi markmið með gerð deiliskipulags: „

- Skilgreina lóðir fyrir mannvirki og afmarka byggingareiti fyrir ferðapjónustu.

- *Setja byggingarskilmála þar sem m.a. verður kveðið á um samræmt yfirbragð mannvirkja.*
- *Útbúa lóðablöð fyrir allar lóðir.*

Áhersla er á að mannvirki falli vel að landslagi og ásýnd svæðisins.“

Náttúrufræðistofnun tekur undir með Skipulagsstofnun sem árið 2020 segir í ákvörðun sinni um mat á umhverfisáhrifum fyrir Geldingafell: „*Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við uppbyggingu ferðaþjónustu við Geldingafell felast fyrst og fremst í ásýndarbreytingum og raski í grennd við einn af aðalvegum á miðhálandinu auk þess sem þær kunna að skerða víðernis- eða óbyggðaupplifun ferðamanna. Að mati Skipulagsstofnunar verða áhrif framkvæmda varanleg en eru bundin við afmarkað svæði. Mögulegt er að draga úr ofangreindum áhrifum með því að viðhafa vandaða verktilhögun og frágang á svæðinu. Mikilvægt er að allar byggingar falli vel að umhverfi sínu bæði m.t.t. litavals og annars útlits og þarf að setja skilmála í deiliskipulag þar að lútandi sem og um frágang lóðar.“* Þessi tilmæli eiga einnig við um uppbyggingu ferðaþjónustu við Árbúðir.

Náttúrufræðistofnun tekur einnig undir að umhverfisáhrif á gróður og dýralíf verði óveruleg, en full ástæða er til að vernda það sem fyrir er og eins að framandi tegundir sem fylgja umsvifum manna nái ekki útbreiðslu. Í báðum greinargerðum er tekið fram að engar þekktar jarðmyndanir séu innan skipulagssvæðisins, en í því sambandi vill Náttúrufræðistofnun benda á að á svæðinuvið Geldingafell og Árbúðir er kortlagður jökulruðningur, jökulkembur og jökulrákir sem hafa þýðingu fyrir jöklunarsögu landsins. Umhverfisáhrifin eru tvímælalaust mest á ásýnd og landslag og sem Náttúrufræðistofnun telur neikvæðast.

Í einfaldri könnun sem gerð var hjá Náttúrufræðistofnun um fjölda og dreifingu skála og gistihúsa við Kjöl var unnið með landupplýsingaþekju Landmælinga Íslands um mannvirki á svæðinu. Kemur í ljós að nú þegar er kominn allmikill fjöldi skála og gistihús (sjá meðfylgjandi kort). Skálar við Geldingafell eru ekki merktir inn á mannvirkjaþekju Landmælinga sem var uppfærð í desember 2019. Aðferðafræðin fólst í að draga 5 km jaðarbelti um mannvirki (skála) og er þar fylgt skilgreiningu um óbyggð víðerni náttúruverndarlaga (60/2013) þ.s. segir „... hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum...“. Þó að ljóst sé að sýnileiki og áhrif skála á landslag sé mjög breytilegt eftir staðsetningu, gerð og umfangi, þá gefur 5 km jaðarbeltið samt ákveðna hugmynd um hvað skálar og starfsemi þeirra hafa mikil áhrif á ásýnd hálandis Íslands.

Náttúrufræðistofnun ítrekar það sem fram kom í umsögn hennar 2019 að mikil þörf er á að skoða heildarskipulag eða heildarstefnu um fjölda og gerð skála á hálandinu og áhrif þessara uppbygginga t.d. er varðar sýnileika, meiri umferð, fleiri ferðamenn o.fl., sem orsakar að víðernisupplifun hálandisins verður ekki lengur til staðar.

Hér á eftir eru athugasemdir Náttúrufræðistofnunar sem gerðar eru fyrir hvorn stað fyrir sig.

Geldingafell: Ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið. Í greinargerð um Geldingafell kemur ekki fram hvaða tvö ferðaþjónustufyrirtæki eru með rekstur á staðnum.

Skipulagsstofnun tók fyrir tilkynningu um matsskyldu vegna uppbyggingar við Geldingafell og ákvarðaði í desember 2020 að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð uppbygging ferðamannaáðstöðu við Geldingafell kunni að hafa áhrif á víðernisupplifun ferðamanna þar sem ljóst er að um aukin umsvif og umferð verður að ræða.

Á deiliskipulagsupprætti sést að afmörkun byggingareitar er skipt upp í Geldingafell 1 og 2, sem hvor fyrir sig hafa um 1 ha til umráða, en á milli þeirra er um 1 ha svæði án byggingareits og er innan marka skipulagssvæðisins sem er um 4 ha. Náttúrufræðistofnun telur að best hefði verið að sameina þessa uppbyggingu ferðaþjónustu í eitt svæði, í stað þess að deila því á milli tveggja rekstraraðila, enda er vatnsból, rotþró og rafmagn sameiginlegt fyrir svæðið. Á uppdráttinn er einnig teiknaður inn nýr vegur sem „*hugsanlega framtíðar aðkoma*“. Náttúrufræðistofnun telur ekki þörf á slíkum vegi þar sem núverandi aðkomuvegur, Skálpanesvegur, ætti að vera nægilegur fyrir Geldingafellssvæðið. Nýr vegur kemur til með að valda raski á áður öröskuðu svæði og gengur auk þess gegn markmiðum í aðalskipulagi fyrir verndarsvæði og minjar sem settar eru fram á bls. 8.

Á bls. 10 undir Lóðir og byggingarskilmálum stendur: „*Byggingarefni er frjálst en leitast skal við að nota byggingarefni sem þarfnast lítills viðhalds. Gæta skal samræmis í formi, útliti og litavali allra bygginga á staðnum. Mannvirki skulu felld að landi eftir því sem hægt er.*“ en hins vegar undir almennum byggingarskilmálum (bls. 12) stendur: „*Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.*“ og „*Þakform og mænissstefna er frjálst en gæta*

skal að innbyrðis samræmi." Þar sem um er að ræða einstakt svæði á miðhálandi Íslands mætti ganga lengra í skilmálum um sýnileika bygginga og fylgja betur eftir tilmælum Skipulagsstofnunar sem segir "... Mikilvægt er að allar byggingar falli vel að umhverfi sínu bæði m.t.t. litavals og annars útlits og þarf að setja skilmála í deiliskipulag þar að lútandi sem og um frágang lóðar."

Árbúðir: Í gildi er deiliskipulag frá 1992, með breytingum frá 2011.

Bláskógabyggð vinnur að gerð deiliskipulags fyrir hálandismiðstöðina Árbúðir í Bláskógabyggð, sem er í eigu sveitarfélagsins. Deiliskipulagið snýst um að staðfesta núverandi landnotkun, auk þess að gera ráð fyrir stækkun núverandi skála og/eða byggingu þriggja nýrra húsa. Heildar byggingarmagn getur verið allt að 700 m². Mænishæð getur verið allt að 5,5 m m.v. gólfkóta. Gisting verður fyrir allt að 70 gesti. Í framtíðinni er reiknað með að svæðið verði rafvætt og heimilt verður að vera með rafhleðslustöð og eldsneytissölu. Skipulagssvæðið er tæpir 4 ha að stærð.

Við Hvítárvatn eru nú þegar þrjú aðrir skálar þar á meðal mannvirki skilgreint sem hótél og gistihús. Náttúrufræðistofnun setur fram til umhugsunar hvort þörf sé á að auka gistirými á þessu svæði.

Á bls. 11 kemur fram að innan byggingareits B2 er heimilt að vera með rafhleðslustöð og eldsneytissölu á díselolíu, bensíni, steinolíu og metan. Ekki kemur fram í hversu miklu magni eldsneyti verði á svæðinu en fram kemur að frágangur, umhirða, eftirlit og vöktun verður í samræmi við reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og unnin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Náttúrufræðistofnun telur að gæta skal sérstakrar varúðar samhliða eldsneytisgeymslu á svæðinu vegna hættu á umhverfismengun og leggur áherslu á að hún sé vöktuð og að til staðar sé viðbragðsáætlun ef til mengunarslyss kemur. Þá þarf einnig að tryggja að rotþró sé fullnægjandi fyrir a.m.k. 70 gesti auk starfsmanna.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að sveitarfélagið setji skýr skilyrði um sérstaka aðgæslu vegna náttúruvafars svæðisins og nálægðar við náttúruminjasvæði, og að því stafi ekki hætta af starfsemi Árbúða s.s. vegna mögulegrar mengunar frá fráveitu og eldsneytisgeymslu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreindar deiliskipulagstillögur en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Athugið að kort sem er hluti af umsögninni fylgir með í viðhengi.

Snorri Sigurðsson

Sérfræðingur á sviði náttúru- og umhverfismála.

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Stella Rúnarsdóttir" <stella@utu.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "sigrun@hsl.is" <sigrun@hsl.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG" <rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>; "Land.is - LAND" <land-land@land.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "for@for.is" <for@for.is>; "landvernd@landvernd.is" <landvernd@landvernd.is>; "lhestar@lhestar.is"

<lhestar@lhestar.is>; "lh@lhestar.is" <lh@lhestar.is>

CC:

Subject: Ósk um umsagnir að nýju, Árbúðir og geldingafell, deiliskipulag 1903012 -

Date: 8.4.2021 12:08:33

Góðan daginn

Við óskum hér með eftir umsögnum ykkar að nýju á meðfylgjandi deiliskipulagstillögur og greinargerðir fyrir fjallaskála við Árbúðir og Geldingafell í Bláskógabyggð.

Við þurftum að auglýsa þessi mál aftur þar sem ár var liðið frá því að athugasemdafrestur rann út og var málið tekið aftur fyrir til samþykktar. Þessi tvö mál voru auglýst fyrst frá 24.júlí til 4.september 2019.

Málin eru í auglýsingu núna aftur frá 31.mars til 14.maí 2021.

Það voru komnar umsagnir frá ykkur flestum á sínum tíma, en ef þið kjósið að halda ykkur við þá umsögn sem búið var að gera megið þið endilega staðfesta það.

Sjá bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 4.3.2021:

Lögð er fram tillaga deiliskipulags fyrir fjallaskála að Árbúðum skammt norðan við Hvítá á Kili. Á svæðinu eru alls 4 byggingar, ýmist fyrir gistingu og þjónustu, starfsfólk, salernisaðstöðu og hesthús. Til stendur að auka gisti- og veitingaaðstöðu fyrir allt að 70 manns. Stærð svæðis er um 2 ha. Árbúðir eru í aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem hálendismiðstöð. Skipulagið var áður auglýst frá 24. júlí 2019 með athugasemdafrest til 4. september 2019. Skipulagsstofnun taldi ekki ástæðu til að taka afstöðu til málsins eftir auglýsingu fyrr en fyrir lægi niðurstaða um matsskyldu sbr. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Samkvæmt niðurstöðu Skipulagsstofnunar frá 15. desember 2020 er ekki talið að framkvæmdir á grundvelli deiliskipulags séu háðar mati á umhverfisáhrifum. Þar sem meira en ár er liðið frá því að athugasemdafrestur við deiliskipulagið rann út er málið tekið fyrir aftur til samþykktar.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur þess liggja fyrir innan aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015-2027.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Bestu kveðjur,

Stella Rúnarsdóttir

Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: stella@utu.is (mailto:stella@utu.is)

Vefsíða: www.utu.is (http://www.sbf.is/)

Viðhengi

image001.png (5 KB)

skalar_kjalvegur_kort.jpg (2 MB)

is50v_mannvirki_punktar_24122019

- <all other values>
- Frístundahús
- Hótel og gistihús
- Skálar
- Önnur mannvirki

skalar-5km buffer

- <all other values>
- Virkt fyrirbæri, í notkun
- Óvirkt fyrirbæri, ekki í notkun

is50v_mork_sveitarf_svaedi_24122019

- is50v_mork_sveitarf_svaedi_24122019

